

Mánudaginn 17. febrúar 1969.

Nr. 132/1968. **Ólafur Bachmann Haraldsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Hrólfí Smára Jónassyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. júlí 1968. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 125.260.00 með 8% ársvöxtum frá 5. ágúst 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Bachmann Haraldsson, greiði stefnda, Hrólfí Smára Jónassyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Haraldur Bachmann, Fagurgerði 9, Selfossi, f. h. ólögráða sonar síns, Ólafs Bachmanns Haraldssonar, Fagurgerði 9, Selfossi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. janúar 1968, á hendur Hrólfí Smára Jónassyni, Bjargi, Vík í Mýrdal, Vestur-Skaftafells-

sýslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 125.260.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 5. ágúst 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara. Til vara krefst stefndi þess, að stefnufjárhæðin verði stórlækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum g/t hefur verið stefnt til rættargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 5. ágúst 1965, klukkan tæplega 6 að morgni, ók stefndi bifreið sinni, Z 329, á brúarstólpa við Víkurá í Vík í Mýrdal. Með stefnda í bifreiðinni var einn farþegi, sóknaraðili málsins, Ólafur Bachmann Haraldsson. Sat hann við hlið stefnda. Við áreksturinn skemmdist bifreiðin verulega, og báðir mennirnir, sem í bifreiðinni voru, slösuðust, þó einkum bifreiðarstjórinn. Héraðslæknirinn í Vík í Mýrdal var þegar kvaddur á vettvang. Skoðaði hann mennina, veitti þeim fyrstu hjálp, en síðan voru þeir báðir fluttir í sjúkraflugvél til Reykjavíkur og lagðir inn á handlækningadeild Landspítalans.

Slysið var rannsakað aðallega í sakadómi Skaftafellssýslu, en einnig að nokkru í sakadómi Árnessýslu. Verður nú rakið það helzta, sem fram hefur komið við rannsókn málsins.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að kvöldið fyrir slysið hafi hann ekið bifreið sinni um götur Víkurkaupþúns. Fimm farþegar hafi þá verið í bifreiðinni, þau Elín Tómasdóttir, Kristín Rútsdóttir, Ólafur Bachmann Haraldsson, Sigríður Kristín Einarsdóttir og Tómas Pálsson. Um kl. 2315 hafi verið tekin upp rommflaska, sem stefndi og Tómas Pálsson áttu. Hafi innihaldinu verið blandað í þrjár Coca-Cola flöskur, og hafi verið blandað um það bil til helminga með rommi og Coca-Cola. Áður en þetta varð, hafi Sigríður Kristín Einarsdóttir tekið við stjórn bifreiðarinnar. Stefndi sagði, að þau hin fimm í bifreiðinni hafi síðan drukkið áfengið úr hinum fyrrnefndu Coca-Cola flöskum, en hins vegar gat stefndi ekki sagt frekar um, hve mikils magns hann hafi neytt. Um kl. 0030 kvaðst stefndi hafa sofnað og sofið í bifreiðinni þar til kl. rúmlega 0400. Áður en hann hafi sofnað, kveðst hann hafa fundið til lítilla áfengisáhrifa, en engra, er hann vaknaði. Hafi áfengið þá verið þrotið, en einhver gosdrykkur verið

kominn á flöskuna. Er stefndi vaknaði, segir hann, að Sigríður Kristín Einarsdóttir hafi ein verið með sér í bílnum. Hafi hún ekið bílnum til heimilis síns, Gamla spítalans í Vík, þar sem hún hafi farið úr, en stefndi tekið við stjórn bifreiðarinnar. Stefndi kvaðst síðan hafa ekið vestur eftir aðalgötunni í Vík. Þar hafi hann mætt Ólafi Bachmann Haraldssyni, sem þá hafi verið undir töluverðum áhrifum áfengis. Síðan kveðst stefndi hafa ekið nokkra hringi um Víkurkaupþún. Þá hafi þeir Ólafur verið orðnir vindlingalausir og drepíð á dyr hjá Runólfi Sæmundssyni bifreiðarstjóra þeirra erinda að fá þar vindlinga. Kona Runólfs, Sigríður Karlsdóttir, hafi komið til dyra og látið stefnda hafa pakka af vindlingum. Síðan kveðst stefndi aftur hafa tekið til við að aka um Víkurkaupþún og eina ferð austur að Fagradalsvegi og til baka. Síðan hafi þeir Ólafur drepíð á dyr í húsinu Skuld í Vík, þar sem Björn Sigurjónsson hafi búið, og þar hafi þeir dvalið um stund. Um áfengisneyzlu þar hafi ekki verið að ræða. Þaðan hafi þeir Ólafur farið aftur út í bifreiðina og enn á ný tekið til við að aka um kaupþúnið. Í þeirri ökuferð kveðst stefndi hafa séð mjólkurbílstjórana Garðar Bergendal Bjarnason og Magnús Kristjánsson. Tók stefndi þá upp í bíl sinn og ók þeim til staðis mjólkurbíllanna. Síðan kveðst stefndi hafa ekið austur götuna og á fyrrnefndan brúarstöpul. Orsök árekstrarins kveður stefndi hafa verið þá, að plötuspilari, sem í bifreiðinni var, fór úr sambandi. Kvaðst stefndi þá hafa beygt sig niður til að lagfæra þetta, en er hann hafi litið upp, hafi áreksturinn orðið. Gizkaði stefndi á, að ökuhraðinn hafi þá verið 50—55 km miðað við klukkustund. Stefndi neitaði alveg, að hann hefði neytt nokkurs áfengis eftir svefn sinn í bifreiðinni um nóttina, en hann kvaðst hafa verið þreyttur, enda hefði hann lítið sofið næturnar áður.

Stefnandi, Ólafur Bachmann Haraldsson, kveðst hafa slegizt í för með ökumanni Z 329 í bifreið hans milli kl. 2100 og 2200, kvöldið áður en umrætt slys varð. Það hafi komið til tals að útvega áfengi og fljótlega hafi rommflaska verið komin í bifreiðina. Hafi Sigríður K. Einarsdóttir þá tekið við stjórn bifreiðarinnar, en hinir, sem í bifreiðinni voru, hafi byrjað að drekka. Kvaðst Ólafur Bachmann hafa drukkið mest og fljótlega orðið ölvaður. Skömmu eftir miðnætti hafi hann farið út úr bifreiðinni og haldið áfram vindrykkju annars staðar í Víkurkaupþúni, en undir morgun hafi hann hitt Hrólf Smára Jónasson aftur og stigið upp í bifreið hans. Hafi þá einhver dreitill verið eftir á rommflöskunni

frá kvöldinu áður. Stefnandi kvaðst ekki muna, hvað síðan gerðist. Hann kvað Hrólf Smára Jónasson hafa drukkið eitthvað úr rommflöskunni, en kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort hann hafi komið undir áfengisáhrif. Stefnandi minnst ekki, að Hrólfur Smári hafi drukkið, eftir að stefnandi kom í bifreiðina í seinna skiptið. Stefnandi kvaðst ekkert muna um heimsóknir í hús um morguninn né heldur að aðrir farþegar kæmu í bifreiðina. Stefnandi vissi ekki til þess, að annað áfengi hefði verið haft um hönd í bifreiðinni en úr umræddri rommflösku.

Sigríður Karlsdóttir húsfreyja kveður þá Hrólf Smára Jónasson og Ólaf Bachmann Haraldsson hafa kvatt hjá sér dyra um kl. 0500 umræddan morgun og falast eftir vindlingum. Vitnið kvaðst halda, að Hrólfur Smári hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki mikið drukinn. Um ástand Ólafs Bachmanns að þessu leyti gat vitnið ekki borið.

Vitnið Elín Tómasdóttir var farþegi í bifreiðinni Z 329 kvöldið fyrir slysið. Laust fyrir kl. 2330 hafi einhver í bifreiðinni dregið upp rommflösku, sem allir í bifreiðinni hafi tekið að drekka úr nema Sigríður K. Einarsdóttir, sem þá hafi tekið við stjórn bifreiðarinnar. Um kl. 0030 hafi Hrólfur Smári sofnað í bifreiðinni. Virtist vitninu, að hann væri undir áhrifum áfengis, en ekki mikið ölvaður. Er vitnið fór út úr bifreiðinni kl. 0230, hafi Hrólfur Smári enn verið sofandi.

Vitnið Sigríður Kristín Einarsdóttir kveðst hafa komið í bifreið stefnda um kl. 2300 fyrrnefnt kvöld. Hálf tíma síðar kveðst vitnið hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar að beiðni Hrólfs Smára, þar sem þá hafi verið hafin víndrykkja í bifreiðinni og Hrólfur Smári verið þátttakandi í henni. Um kl. 0030 hafi Hrólfur Smári sofnað og vaknað aftur um kl. 0300. Þá kvaðst vitnið ekki hafa getað merkt áfengisáhrif á honum. Vitnið kvaðst hafa hætt að aka bifreiðinni kl. 0400, en þá hafi Hrólfur Smári tekið við. Vitnið kvaðst ekki hafa séð Hrólf Smára neyta áfengis, eftir að hann vaknaði.

Vitnið Björn Sigurjónsson kveður þá Hrólf Smára og Ólaf Bachmann hafa komið í heimsókn til sín klukkan að byrja að ganga 6 umræddan morgun. Kveðst vitnið ekki hafa getað merkt áfengisáhrif á þeim, en bætti því við, að áfengi hefði getað verið í þeim, án þess að vitnið vissi um það. Vitnið kvaðst hafa verið ódrukkið og vín hafi ekki verið haft um hönd. Mennirnir hafi farið frá sér klukkan tæplega 0600 um morguninn.

Vitnið Rútur Skæringsson kveðst hafa orðið var við ferðir þeirra Hrólfs Smára og Ólafs Bachmanns í og við hús vitnisins umgetinn morgun um kl. 0500. Vitnið kvaðst hafa átt orðaskipti við Ólaf Bachmann og hafa séð, að hann var undir áfengisáhrifum. Hins vegar gat vitnið ekki borið um ástand Hrólfs Smára að þessu leyti, þar sem það ræddi ekki við hann, heldur sá hann á lengdar, er Hrólfur Smári var að koma út úr kjallaranum á húsi vitnisins.

Vitnið Magnús Kristjánsson var annar þeirra mjólkurbílstjóra, sem tóku sér far með stefnda í bifreið hans, Z 329, skömmu áður en slysið varð. Vitninu virtust líkur benda til, að Hrólfur Smári og Ólafur Bachmann hafi verið drukknir. Þeir hafi verið með áfengisflösku, en vitnið mundi ekki, hvort þeir drukku úr henni. Vitnið var komið úr bifreiðinni, er slysið varð. Vitnið var sjónarvottur af því, þegar bifreiðinni var ekið á brúarstólp-ann. Hins vegar gat vitnið ekki borið um hraða bifreiðarinnar fyrir slysið. Vitnið segir, að eftir verksummerkjum á slystaðnum hafi bifreiðinni verið ekið beint austur aðalgötuna í kaupúninu og á hægri brúarstöpulinn. Hafi bifreiðin verið hálf út af veginum og hallast, en verið á hjólunum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þá hafa áfengi um hönd, svo að öruggt sé, en hins vegar kvað vitnið, að þeir hefðu verið með áfengisflösku, en mundi ekki, hvort þeir hafi sopið úr henni. Vitnið mundi ekki orðaskipti, sem fram fóru á milli þeirra, en sagði, að þeir hefðu verið gamansamir.

Vitnið Garðar Bergendal Bjarnason var annar fyrrgreindra mjólkurbílstjóra, sem far tóku sér með bifreið stefnda, Z 329, skömmu fyrir slysið. Vitninu virtust þeir Hrólfur Smári og Ólafur Bachmann vera undir áhrifum áfengis, en Ólafur öllu meira. Áfengisflaska hafi verið í framsætinu milli þeirra, en vitnið kvaðst ekki muna, hvort þeir supu úr flöskunni.

Svo sem fyrr er getið, voru þeir Hrólfur Smári og Ólafur Bachmann fluttir á handlækningadeild Landspítalans eftir slysið. Komið var með þá á spítalann kl. 1010 5. ágúst 1965. Í vottorði Hannesar Finnogasonar læknis, dags. 15. október 1965, segir m. a. svo um ástand Hrólfs Smára við komu hans á handlækningadeildina: „Við komuna hingað er sjúkl. við fulla meðvitund, en greinilega undir áhrifum áfengis. Hann hafði ekki einkenni um lost. Við skoðun kom í ljós, að vinstri mjaðmarliður hafði gengið úr augnkarlinum. Auk þess hafði hann hlotið brot á fjórum rifjum vinstra megin og 10 cm langt sár til vinstri ofar-

lega á brjóstkassa. Þá hafði og greinilega skaddast lungað, þar sem mikil blæðing var í brjóstholi vinstra megin“.

Í vottorði sama læknis, dags. 15. október 1965, segir svo um ástand Ólafs Bachmanns við komu hans á handlækningadeildina: „Við komuna hingað á deildina var hann rólegur og dasaður. Kvartaði hann ekki um nein veruleg óþægindi, en var mjög þyrstur, og við fyrstu skoðun þóttu einkenni benda til þess, að hann væri líklega undir áhrifum áfengis. Svaraði þó öllu eðlilega, þegar við hann var rætt, og var samvinnuþýður. Hann hafði nokkur smásár á andliti. Voru þau öll grunn nema sár á neðri vör, en það sár var í gegnum vörina. Framtennur í neðri góm höfðu brotnað og ýtt aftur á við. Þá hafði og brotnað úr fram-tönnum efri góms. Hann hafði og greinilega fengið heilahristing. Skömmu eftir komuna voru sárin saumuð og framtennur neðri góms réttar. Honum heilsaðist vel, sárin á andliti höfðust vel við, kvartaði hvorki um höfuðverk né svima, og fékk hann að fara af sjúkrahúsinu þ. 9. 8. Var ráðlögð hvíld frá vinnu næstu 3 vikurnar eftir útskrift“.

Eigi verður séð af gögnum málsins, að blóðsýnishorn hafi verið tekin úr mönnunum til alkóhólrannsóknar.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 9.990.00
2. Læknishjálp	— 13.770.00
3. Fataskemmdir	— 2.500.00
4. Þjáninga- og lýtabætur	— 100.000.00

Samtals kr. 125.260.00

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi átt alla sök á slysinu með óvarlegum akstri undir áhrifum áfengis. Beri stefnanda því fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins á slysi stefnda, sbr. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 26 frá 1958. Kröfum sínum til frekari áréttingar bendir stefnandi á, að hann hafi verið það ölvaður, þegar hann settist upp í bifreið stefnda framangreindan morgun, að hann hafi ekki veitt því eftirtekt, að stefndi var þá undir áhrifum áfengis.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að atvik að umræddu slysi hafi verið þannig vaxin, að tjón stefnanda af völdum slyssins varði stefnda eigi bótaskyldu. Það sé að fullu leitt í ljós með þeim upplýsingum, sem áður hafa verið raktar hér í dóminum,

að stefndi hafi verið ófær um að aka bifreið sinni vegna undanfarandi neyzlu áfengis, svefnleysis, þreytu og sljóleika, sbr. 24. gr. og 25. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958. Megi rekja slysið beinlínis til þessa. Það framferði stefnda að aka bifreið svo algerlega vanhæfur til slíks, sem raun beri vitni um, hafi að sjálf-sögðu verið mjög ámælisvert og hættulegt. Í þessu hafi stefnandi verið honum algerlega samsekur. Þeir hafi báðir verið í bifreið-inni, kvöldið áður en slysið varð, og tekið þátt í vándrykkjum með öðrum farþegum. Þegar stefnandi tók sér far með bifreiðinni nokkrum klukkustundum seinna, hafi hann vitað fullvel um augljóst vanhæfi stefnda til aksturs. Mótmælir stefndi því sér-staklega sem röngu, að stefnandi hafi eigi vitað um áfengisneyzlu stefnda, enda hljóti sú fullyrðing að vera borin fram gegn betri vitund, þar sem stefnandi hafi verið viðstaddur í bifreiðinni, er áfengisneyzlan í henni hófst fyrrgreint kvöld. Því sé borið við af hálfu stefnanda, að vegna ölvunar hafi dómgreind hans verið skert, og jafnframt sé því haldið fram, að stefndi hafi verið betur á sig kominn. Framangreind læknisvottorð svo og vætti mjólkur-bílstjóranna tveggja, sem rakin hafa verið hér að framan, gefi þó gleggstan vitnisburð um þetta. Það sé því hvort tveggja stað-reyndir í málinu, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um van-hæfi stefnda til aksturs, er hann tók sér far með bifreiðinni í seinna skiptið, og að hann hafi haft næga dómgreind til þess að gera sér fulla grein fyrir þeirri miklu hættu, sem hann stofnaði sér í með því að gerast farþegi í bifreiðinni við þessar aðstæður.

Það geti því ekki farið á milli mála, að stefnandi hafi verið fullkomlega meðábyrgur fyrir tjóni sínu af völdum slyssins. Að svo vöxnu máli telur stefndi það vafalaust, að stefnandi eigi engan bótarétt á hendur stefnda vegna þess tjóns, er hann kunni að hafa beðið af völdum slyssins. Vísar stefndi hér um til 3. mgr. 67. gr. umferðarlaganna, enda sé hér um dæmigert tilvik að ræða, er falli undir bótalausnarákvæði þetta.

Stefndi bendir enn fremur á máli sínu til frekari stuðnings, að umferðarlögin leggi mjög viðtæka fébótaábyrgð á bifreiðaeig-endur. Að baki þeirrar ábyrgðar sé tryggingarskylda, sem ætlað sé að tryggja, að tjónþoli fái fullnustu bótaréttar síns. Tilgangur-inn með þessum ströngu reglum, sem lengi hafi verið við lýði í löggjöf, sé að tryggja sem bezt hagsmuni þriðja manns og grund-vallist á þeirri hættu, sem ávallt hafi verið talin samfara notum bifreiða. Þegar þriðji maður hins vegar vísvitandi og af fúsum vilja, svo sem stefnandi þessa máls, stofni öryggi sínu í bráða og

yfirvofandi hættu með því að vera farþegi í bifreið við þess konar aðstæður og hér um ræðir og gerist þá jafnframt hlutdeildarmaður í alvarlegu broti bifreiðarstjórans, þá hljóti hann þar með að fyrirgera að öllu þeim hlunnindum, sem felist í hinum víðtæku bótareglum umferðarlaganna. Ástæðurnar, sem liggi til grundvallar hinni ríku bótaábyrgð, séu þá eigi lengur fyrir hendi. Þessi niðurstaða sé ekki aðeins í samræmi við lagabókstafinn, heldur sé hún einnig í fullu samræmi við tilgang og rök laganna, sanngirnissjónarmið og réttarvitund.

Samkvæmt áðurgreindum vitnisburðum mjólkurbílstjórana, Garðars Bergendals Bjarnasonar og Magnúsar Kristjánssonar, svo og læknisvottorði Hannesar Finnbogasonar verður að telja sannað, að stefndi hafi verið undir áhrifum áfengis, er framangreint slys vildi til. Þykir mega rekja orsakir slyssins til gálauslegs aksturs stefnda undir þessum kringumstæðum.

Stefnandi vissi, að stefndi hafði tekið þátt í vındrykkjunni nóttina fyrir slysið. Stefnandi mátti því gera ráð fyrir, að stefndi væri óhæfur til að aka bifreið árla morguninn eftir. Úr því að stefnandi allt að einu settist af frjálsum vilja upp í bifreið stefnda við þessar aðstæður, gerði hann það á eigin áhættu og hefur með því fyrirgert rétti sínum til bóta. Það breytir eigi þessari niðurstöðu, þótt dómgreind stefnanda kunni í umrætt sinn að hafa verið skert sakir ölvunar.

Úrslit málsins verða því þau, að sýkna ber stefnda af dómkröfum stefnanda, en eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hrólfur Smári Jónasson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Haralds Bachmanns f. h. ófjárráða sonar síns, Ólafs Bachmanns Haraldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
